

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 131/1970. **Eliás Bernburg**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Bæjarútgerð Reykjavíkur

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kaupgjaldsmál. Réttindi vélstjóra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 93.633.58 með 8% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og svo að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, til tryggingar greindum kröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elías Bernburg, greiði stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. júní 1970.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 29. nóvember 1968. Munnlegur málf lutningur fór fram 4. maí 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Málið var endurupptekið 29. maí 1970 og endurflutt, en að því loknu var málið dómtekið að nýju.

Stefnandi málsins er Elías Sveinbjörn Jón Bernburg, til heimilis að Meistaravöllum, Reykjavík.

Stefndi er Bæjarútgerð Reykjavíkur, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 100.220.03 ásamt 1% vöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Þormóði goða, RE 209, til tryggingar kröfum þessum. Voru stefnukröfurnar sundurliðaðar þannig:

Kaup fyrir tímabilið 15. maí 1968 til 13. ágúst 1968	kr. 93.663.58
Orlof á ofangreinda fjárhæð	— 6.556.45

Kr. 100.220.03

Við munnlegan málf lutning féll stefnandi frá kröfu sinni um orlof og lækkaði því stefnukröfuna í kr. 93.663.58. Að öðru leyti eru stefnukröfur stefnanda óbreyttar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfum. Enn fremur hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Sáttir hafa verið reyndar í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.1. Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, að stefnandi réð sig til stefnda í október eða nóvember 1962. Kveðst stefnandi hafa verið smyrjari í fyrstu ferðinni á b/v Þormóði goða, en þann 10. janúar 1963 hafi hann verið ráðinn sem vélstjóri

á sama skip og starfað þar ýmist sem II. eða III. vélstjóri næstu 4—5 árin. Stefnandi, sem hafði eigi vélstjóraréttindi, hafði leyfi ráðuneytisins til vélstjórarstarfsins. Stefnandi kveðst hafa sagt upp starfi sínu á b/v Þormóði goða með eðlilegum fyrirvara á árinu 1966 og ráðið sig til Vélsmiðjunnar Héðins 10. eða 11. apríl s. á. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir slysi í starfi í ofangreindri vélsmiðju þann 16. maí 1966 og hlotið við það varanlega örorku.

Enn kveðst stefnandi hafa verið skráður sem vélstjóri á b/v Þormóð goða í september eða ágúst 1966, en að nokkrum tíma liðnum hafi skipið farið í vélarklössun og hafi því verið afskráð af skipinu. Engu að síður kveður stefnandi sig hafa starfað hjá stefnda, á meðan á því stóð.

Stefnandi kveðst enn á ný hafa verið skráður sem vélstjóri á b/v Þormóð goða í ágúst eða september 1967, og kveðst hann hafa starfað þar ýmist sem II. eða III. vélstjóri til 13. maí 1968, en þá kveður stefnandi, að sér hafi fyrirvaralaust verið sagt upp starfi, eins og nánar verður vikið að. Eins og vikið var að, hafði stefnandi ekki vélstjórnarréttindi, en á hinn bóginn hafði stefndi forgöngu um að útvega stefnanda undanþágu til vélstjórarstarfans. Á árinu 1968 byggðist réttur stefnanda til vélstjórarstarfa á svo-felldu bréfi samgöngumálaráðuneytisins til stefnda:

„Ráðuneytið leyfir hér með að lögskrá megi hr. Elías Bernburg, Meistaravöllum, Reykjavík, sem undirvélstjóra á b.v. Þormóð Goða, RE 209, fyrst um sinn, þar til réttindamaður er fánlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 31. desember 1968“.

Óumdeilt er, að stefnandi var svonefndur aukameðlimur í Vélstjórafélagi Íslands á árinu 1963. Þá er einnig ágreiningslaust, að stefnanda, sem og öðrum slíkum aukameðlimum, hafi verið gert að greiða fullt félagsgjald til Vélstjórafélags Íslands og að hann hafi tekið kaup og önnur kjör samkvæmt kjarasamningi vélstjórafélagsins við Félag íslenskra botnvörpuskipaiegenda, á meðan hann var í starfi.

Útdráttur úr skipshafnarskrá b/v Þormóðs goða, RE 209, fyrir árið 1968 hefur verið lagður fram í málinu. Um stefnanda máls þessa er þetta ritað í skipshafnarskránni:

„Staða	Fæðingar-	Heimili:	Skipið	Lögskráningar-
á skipi:	dagur og ár:		stundar:	dagur:
III. vélstj.	3/10 '26	Meistarav.	Fiskv.	1/1

Kaup og kjör:	Undirritaðir skipverjar	Aths.:
Samkv. samn.	framanskráðu samþykkir	Undanþ. til 31/12 '68
viðk. stéttarféll.	Elías Bernburg	II. vélstj. 9/4—25/4
Afskráður 13/5“.		

Þá er ágreiningslaust í málinu, að í maí 1968 hafi gefið sig fram við stefnda maður með full vélstjóraréttindi, og réð stefndi hann í stöðu II. vélstjóra. Sá maður, sem gegndi þeirri stöðu (II. vélstjóri), var færður í stöðu III. vélstjóra. Varðandi stefnanda voru þær ráðstafanir gerðar, að smyrjara á b/v Þormóði goða var sagt upp störfum, en stefnanda, sem þá var III. vélstjóri, boðið starf smyrjara á skipinu. Gerðist þetta 13. maí. Í aðilja-skýrslu stefnanda segir á þá leið, að hann hafi mótmælt þessu og litið á þetta sem uppsögn. Kvaðst stefnandi eigi hafa viljað taka við starfi smyrjara, þar sem hann hefði þá verið lægra settur á skipinu, en auk þess hafi það komið til, að vegna örorku sinnar hafi hann ekki treyst sér að vinna öll störf smyrjara. Þá er ágreiningslaust, að stefnandi hafi gengið til læknis 2 mánuði þá næstu, eftir að hann lét af störfum hjá stefnda, og eigi byrjað störf að nýju fyrr en 12. ágúst 1968.

3.1. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að um ólögmeata uppsögn hafi verið að ræða umrætt sinn. Hann hafi að vísu eigi haft fullkomin vélstjórnarréttindi, en fengið undanþágu til starfsins samkvæmt beiðni stefnda hjá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Hafi hann samkvæmt þeirri undanþágu verið skráður sem III. vélstjóri á skipinu, og telur stefnandi, að þar með hafi hann öðlazzt þau réttindi og skyldur sem vélstjóra beri samkvæmt 13. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963 um slit ráðningarsamninga.

Jafnframt bendir stefnandi á, að hann hafi verið aukameðlimur í Vélstjórafélagi Íslands, greitt fullt félagsgjald og notið kaups og kjara samkvæmt samningum vélstjórafélagsins og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Telur því stefnandi, að einnig samkvæmt þeim samningum hafi uppsögnin verið ólögmeat, þar sem honum hafi borið 3 mánaða uppsagnarfrestur, enda bendir stefnandi á, að stefndi hafi engan fyrirvara gert varðandi uppsögn í ráðningarsamningi sínum við stefnanda.

3.2. Sjónarmið stefnda er það, að í maímánuði 1968 hafi útgerðinni boðizt maður með vélstjóraréttindi til starfa þess, sem stefnandi hafi haft á hendi. Hafi undanþága samgöngumálaráðuneytisins þar með verið felld úr gildi og stefnanda ekki lengur heimilt að gegna vélstjórastarfi því, sem hann hafi haft áður.

Ráðningarsamningur stefnanda og stefnda hafi verið háður þessari undanþágu, enda heldur stefndi því fram, að hennar hafi verið getið við lögskráningu. Telur því stefndi, að ráðningin hafi fallið niður án uppsagnar, um leið og skilyrði til undanþágunnar hafi brostið. Tekur stefndi fram, að honum hafi eigi verið skylt að bjóða stefnanda smyrjarastarf.

Af þessum sökum telur stefndi, að samkvæmt þessu bresti öll lagarök til að taka kröfu stefnanda til greina. Til vara bendir stefndi á, að samkvæmt lögum eigi stefnandi aðeins rétt til 7 daga uppsagnarfrests, en geti á engan hátt stuðzt við samninga Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um kaup og kjör, enda hafi stefnandi ekki verið meðlimur þess félags. Í varakröfu sinni hefur stefndi auk þess vikið að því, að bætur til stefnanda eigi að miðast við mánaðarkaup samkvæmt kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda eða dagpeninga samkvæmt 8. gr. nefnds samnings. Loks hefur stefndi mótmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárrí.

4.1. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1968, var stefnanda veitt undanþága til starfs undirvélstjóra á skipi stefnda, b/v Þormóði goða, RE 209, „fyrst um sinn, þar til réttindamaður er fánlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 31. desember 1968“, en stefnandi hafði ekki vélstjóraréttindi. Leyfi þetta var reist á 17. gr. laga nr. 72/1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, en þar er siglingamálaráðuneytinu heimilt að veita undanþágur af þessu tagi, ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi. Ágreiningslaust er, að maður með vélstjóraréttindi bauð sig fram til starfa hjá stefnda í maí 1968. Verður að telja, að þá hafi fallið niður umrætt leyfi stefnanda samkvæmt skýlausu orðalagi ofangreinds bréfs, sem á sér stöð í nefndu ákvæði laga nr. 72/1966, sbr. áður 55. gr. laga nr. 66/1946. Var stefnanda, þegar svo var komið, óheimilt að gegna vélstjórarstarfi því, sem hann hafði á skipi stefnda. Buðu fyrirsvarsmenn stefnda stefnanda stöðu smyrjara, er leyfi hans til vélstjórarstarfa féll niður, en þá stöðu hafði stefnandi eitt sinn haft á skipi stefnda. Þegar þetta er virt, verður stefndi eigi talinn hafa sagt stefnanda upp störfum í skilningi sjómannalaga eða kjarasamnings þess, sem í málinu greinir. Verður heldur ekki séð, að stefndi hafi á annan hátt tekið á sig fjárhagslega ábyrgð gagnvart stefnanda, ef atvik yrðu þau, að hann missti leyfi sitt til vélstjórarstarfa. Samkvæmt ofangreindu ber að sýkna stefnda af

kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp samdómendur í sjó- og verzlunardómi, Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi skipstjóri, og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, Elíasar Bernburgs.

Málskostnaður fellur niður.

Sér atkvæði

Stefáns M. Stefánssonar, setts borgardómara.

4.2. Eins og að framan hefur verið rakið, starfaði stefnandi á skipi stefnda í raun sem vélstjóri. Er óumdeilt, að hann hafði réttindi vélstjóra, á meðan á starfinu stóð, starfsábyrgð og aðrar skyldur.

Í ráðningarsamningi stefnanda er vísað til samninga viðkomandi stéttarfélag, án þess að gerður sé neinn fyrirvari um fyrirvaralaus brottvikningu eða tilfærslu í verr launaða stöðu, ef réttindamaður yrði ráðinn. Störf stefnanda hjá stefnda á fyrri árum veita heldur ekki vísbendingu um, að gengið hafi verið út frá slíkri forsendu. Framangreint ráðuneytisleyfi þykir mega skýra með hliðsjón af hinni fyrirvaralausun ráðningu stefnanda og grunnrökum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963, sem hefðu tekið til stefnanda, eins og mál þetta er vaxið, þannig, að undanþága stefnanda til að stunda vélstjórastörf hafi þá fyrst fallið úr gildi, þegar réttindamaður hefði verið ráðinn í stað stefnanda. Er og þess að geta, að hvorki 17. gr. laga nr. 72/1966, orðalag ráðuneytisleyfisins, kjarasamningurinn né aðrar heimildir bjóða skýlaust annan skýringarkost. Ráðuneytið sjálft hafði og eigi afturkallað framangreint leyfi.

Atvik þau, sem leiddu til þess, að stefnanda var gerður sá kostur að víkja úr starfi III. vélstjóra í starf smyrjara, verða því eigi talin því til fyrirstöðu, að stefndi geti beitt ákvæðum í ráðningarsamningi um 3ja mánaða uppsögn, eins og telja verður stefnanda hafa átt rétt til.

Stefnanda var ekki skylt að taka við lakari stöðu á skipinu, eins og vikið var að. Umrædd ákvörðun stefnda var því andstæð ráðningarsamningnum milli aðilja, og ber að líta á hana sem

ólögmæta uppsögn, eins og á stóð. Eigi er um það deilt, að stefnandi hafi tekið kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi þeim, sem áður hefur verið vikið að. Samkvæmt samningi þessum átti stefnandi rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests.

Viðurkennt er, að kaup III. vélstjóra hafi numið fjárhæð þeirri, sem stefnandi gerir nú kröfu til, 3 mánuði hina næstu á b/v Þormóði goða, eftir að stefnanda var sagt upp starfi.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 67/1963 þykir stefnandi eiga rétt til allrar þessarar fjárhæðar, enda hafa rökstudd andmæli ekki komið fram til lækkunar á fjárhæð þessari. Verður því stefnukrafan tekin til greina ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags.

Málskostnað ber að dæma stefnda til að greiða, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 16.000.00 kr. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt í b/v Þormóði goða, RE 209, fyrir ofangreindum kröfum.

Dómsorð mitt er:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Elíasi Bernburg, kr. 93.663.60 með 7% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað.

Sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, er viðurkenndur fyrir framangreindum kröfum. Framangreindar fjárkröfur eru aðfararhæfar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. desember 1971.

Nr. 183/1971. **Valdstjórnin**

gegn

Páli Konráð Konráðssyni Þormar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. nóvember 1971, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/